

21. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 15. nóvember 2011, kl. 13.00 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

**Mættir:** Helgi Jóhannsson formaður, Hildur Ösp Gylfadóttir, Jónína Magnúsdóttir, Aðalsteinn Þór Arnarsson, Valgerður Ósk Einarsdóttir fulltrúi kennara, Björg Traustadóttir fulltrúi foreldra, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Formaður setti fundinn og byrjaði á að bjóða nefndarmenn velkomna.

### **Dagskrá:**

#### **1. Fundargerðar síðasta skólanefndarfundar**

Formaður bar fundargerð síðasta fundar upp til samþykktar. Fundargerðin samþykkt.

#### **2. Miðannarvika, reynsla og hugmyndir**

Skólameistari gerði grein fyrir breyttu fyrirkomulagi á miðannarviku. Nú var boðið upp á einingabært nám í vikunni og gátu nemendur valið úr nokkrum möguleikum, m.a. tónlistarbúðir, leiklistarnámskeið, íþrótt- og útivistarval, FabLab-námskeið á Sauðárkróki og undirbúning og framkvæmd spurningakeppni Neon. Þetta fyrirkomulag gekk vel og voru nemendur áhugasamir. Þá voru nemendur í Tröllaskagaáfanga og listljósmyndun í fullu námi alla vikuna. Námskeiðin voru einingabær og luku nemendur sem samsvarar 2,8 nemendaígildum.

#### **3. Niðurstöður miðannarmats**

Skólameistari gerði grein fyrir niðurstöðum miðannarmats. Almennt kom matið vel út.

#### **4. Áætlanir sem unnið er að í skólanum**

Skólameistari gerði grein fyrir áætlunum sem unnar hafa verið og birtar á vef skólans. Þar er um að ræða jafnréttisáætlun, áætlun gegn einelti og áfallaáætlun. Nefndarmenn lýstu ánægju með þessa vinnu. Fleiri áætlanir eru í vinnslu.

#### **5. Skólasamningur**

Skólameistari kynnti þætti sem eru í skólasamningi og lagði fram yfirlit um stöðu skólans.

#### **6. Fjárhagsáætlun fyrir 2012**

Formaður lagði til að þessum lið yrði frestað. Samþykkt.

#### **7. Tilraun með nám á Dalvík 2 daga vikunnar**

Skólameistari gerði grein fyrir hugmynd sem nú er unnið með. Þar er gert ráð fyrir að nemendum í Dalvíkurbyggð sé gert kleift að stunda nám að hluta á Dalvík. Það færi fram í námsveri þar tvo daga í viku.

#### **8. Önnur mál**

##### *8.1 Skólanámskrá*

Skólameistari afhenti nefndarmönnum útprentun úr skólanámskrá af vef skólans.

##### *8.2. Breytingar á húsnæði*

Hildur Ösp spurðist fyrir um stöðuna í breytingum á húsnæði. Lára gerði grein fyrir að málið væri enn í vinnslu hjá ráðuneyti.

##### *8.3 Starfsmannasamtöl*

Hildur Ösp spurði um starfsmannasamtöl, hvort áætlun væri um slíkt. Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir þeirri vinnu sem er í gangi í tengslum við þróunarverkefni sem varðar gæðakerfi skólans. Starfsmannasamtölin falla undir þá vinnu sem þar fer fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:10.

Fundargerð ritaði  
Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir